

Stjórnarfundur

27. september 2008

Fundargerð

Stjórn SSA 27. sept. 2008 kl. 15.40.

Fundarstaður Hótel Framtíð Djúpavogi

Að loknum aðalfundi SSA kom nýkjörin stjórn saman til fyrsta fundar.

Mættir eru. Ólafur Ármannsson Björn Hafþór Guðmundsson, Ólafur Sigurðsson, Páll Baldursson og varamenn Baldur Pálsson í stað Guðmundar Ólafssonar og Valdimar O Hermannsson í stað Guðmundar R. Gíslasonar. Framkvæmdastjóri mættur.

1. Björn Hafþór Guðmundsson bauð nýkjörna fulltrúa í stjórn velkomna til starfa,

og fór yfir stjórnarkjör aðalfundarins

. 2. Kosningar .

2/1 Kosning formanns .

Formaður SSA var kosinn Björn Hafþór Guðmundsson

2/2 Kosning fyrsta varaformanns.

Fyrsti varaformaður var kosinn Guðmundur R. Gíslason.

2/3 Kosning annars varaformanns.

Annar varaformaður var kosinn Ólafur Ármannsson

2/4 Framkvæmdaráð SSA skipa :

Björn Hafþór Guðmundsson, Guðmundur R. Gíslason og Ólafur Ármannsson

3. Samþykktir aðalfundar SSA 2008.

Samþykkt er að formaður og framkvæmdastjóri gangi frá samþykktum

aðalfundarins og komi þeim á framfæri til þeirra aðila sem við á og fylgja þeim

síðan eftir eins og venja er til.

4. Fundartími tilhögun stjórnarfunda og framkvæmdaráðsfunda.

Tekið fyrir að ræða fundardaga stjórnar og fyrirkomulag þeirra.

Samþykkt að mánudagur verði viðmiðunardagur fyrir

stjórnarfundum og þeir hefjist um eða eftir hádegi fundardaga.

Stefnt er að því að framkvæmdaráðsfundir verði annan hvern mánuð

á móti stjórnarfundum hinn, eða svipað og verið hefur, nema annað kalli til.

Framkvæmdastjóri sagði að næsti stjórnarfundur verði þá í lok nóvember að

venju, eða sama dag og aðalfundur Héraðsnefndar Múlasýslna en stjórn SSA,

gegnir einnig hlutverki stjórnar Héraðsnefndar Múlasýslna.

5. Prókúra fyrir framkvæmdastjóra SSA

Óskað hefur verið eftir því af viðskiptabanka SSA að prókúra fyrir framkvæmdastjóra SSA verði endurnýjuð og staðfest á reikninga SSA .

Samþykkt að fela formanni að ganga frá staðfestingunni .

Fleira ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 16.10

Sign: Þorvaldur Jóhannsson